

Virði markaðar fyrir fjárfesta - áhersla á hlutabréf

Auður Finnbogadóttir

HVAÐ GERIR VIRKAN MARKAÐ MIKILVÆGAN?

Seljanleiki

Upplýsingaskylda

Eftirlit

SELJANLEIKI

Einn af áhættuþáttum sem lífeyrissjóðir þurfa að huga að við áhættustýringu

Smæð markaðar á Íslandi minnkar seljanleika og gerir stærstu fjárfestum erfiðara um vik að hreyfa sig

Virki verðbréfavakt er mikilvæg en hún þarf að vera

- trúverðug

byggja sem mest á viðskiptum ótengdra aðila
sýndarviðskipti ekki liðin

eigin bækur fjármálafyrirtækja vanda sig

má ekki vera þannig að fjármálafyrirtækin
stýri verði hlutabréfa heldur markaðurinn
þótt grunnur sé

- með hóflegt verðbil, hvetur til viðskipta

UPPLÝSINGASKYLDA

Ríkar skyldur um reglulega upplýsingagjöf hvetja fjárfesta til þess að skoða frekar skráð en óskráð hlutabréf

Skráningarlýsing auðveldar mat fjárfesta á virði hlutabréfa þar sem hún er ítarleg og aðgengileg

Gæði og áreiðanleiki upplýsinga er lykilatriði fyrir fjárfesta

- gæðin þurfa að vera viðvarandi og upplýsingar samanburðarhæfar á milli ára
- trúverðugleiki endurskoðenda skiptir máli við mat á upplýsingunum
- traust á stjórnendum og viðskiptaháttum þeirra hefur áhrif

Freistnivandi er áhyggjuefni fyrir fjárfesta

- þegar kjör stjórnenda eru tengd verðlagningu skráðra hlutabréfa eða eignarhlut í félaginu þá getur það ýtt undir að einstaka stjórnendur freistist til að nýta sér sveigjanleika í reikningsskilaaðferðum, þá reynir á heilbrigða viðskiptahætti stjórnenda og staðfestu endurskoðenda
- mjög stórir hluthafar geta einnig haft fjárhagslega hagsmuni af framsetningu upplýsinga til skamms tíma og þrýst á stjórnendur
- það hlýtur þó almennt að teljast jákvætt að stjórnendur hafi hag af góðri afkomu fyrirtækja ásamt hluthöfum, þetta er frekar spurning um fjárhæðir og leiðir

EFTIRLIT

Fjárfestar þurfa að geta treyst því að eftirlitsaðilar sem koma að eftirliti með skráðum útgefendum fylgist vel með og beiti viðurlögum þegar við á. Að öðrum kosti er hætt á að virkur markaður missi tiltrú fjárfesta.

- FME
- Kauphöllin
- Innri og ytri endurskoðendur

Stjórnarmenn

- Það skiptir máli fyrir fjárfesta að stjórnarmenn sinni starfi sínu með virkum og gagnrýnum hætti

Almennt og á aðalfundum

- fjárfestar þurfa að veita útgefendum virkt aðhald

AÐ LOKUM

- virkur verðbréfamarkaður auðveldar fjárfestum að veita útgefendum aðhald þar sem þeir eiga möguleika á því að selja bréfin sín á markaði ef þeir eru ósáttir við framgang fjárfestingarinnar
- áhugi fjárfesta á nýskráningum mótast af gæðum upplýsinganna sem fyrir liggja en einnig af verðmati og árferði. Við þær aðstæður sem ríkja í heiminum í dag þá þarf verðlagning að vera varfærin ef markmiðið er að skráningin sé vel heppnuð og til þess fallin að vekja áhuga almennra fjárfesta í framhaldinu.